

RARIK ohf.
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
08. mars 2018
Tilv.

Reykjavík 6. mars 2018
UST201709-114/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um lagningu strengs, niðurrif háspennulínu og uppsetningu jarðspennistöðva innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn RARIK ohf., dagsett 15. september og 19. desember 2017, um framkvæmdaleyfi vegna plægingar strengs, niðurrits háspennulínu og uppsetningar jarðspennistöðva innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna, sbr. einnig 17. gr. reglugerðar, nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun skal leita umsagna Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn. Einnig skal Umhverfisstofnun leita umsagna umráðamanna landareigna sem ekki eru í ríkiseigu.

Lýsing verkefnis:

Plæging strengs:

Sótt er um leyfi til að plægja streng í vegkant, takar niður háspennulínu og reisa fjórar jarðspennistöðvar innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Áætlað er að strenglögn og frágangur fari fram á vormánuðum 2018 þegar jarðvegur er tilbúinn. Ef tíðarfari er hagstætt má búast við að hægt verði að hefja vinnu í túnum og melum í lok apríl eða byrjun maí. Forsenda fyrir að hægt sé að vinna í vegköntum er að ekki sé snjóskafla að vænta. Verktíminn er áætlaður 6-8 vikur. Heildarverkefnið nær yfir um 23 km leið og er einungis hluti þess, eða um 5km, innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Strengurinn er 11kV og um 5 cm í þvermál. Áætlað er að 4-5 menn vinni við plæginguna en tveir menn vinni að tengingum.

Þar sem strengurinn þarf að þvera Laxá nyrst á framkvæmdasvæðinu verður hann festur við aflagða brú við afleggjara að Aðaldalsflugvelli. Verður strengurinn settur í vegkant vestan brúarinnar. Við Núpafoss verður strengurinn festur við brú Vegagerðarinnar. Ekki er þörf á að fara ofan í Laxá með strenginn. Verður strengurinn lagður í vegkant austan

brúarinnar í jarðspennistöð við Kjöl og í sumarhús skammt sunnan vegarins yfir Núpfoss. Þar sem lega strengsins beygir til suðurs að sumarhúsinu verður sett upp jarðspennistöð. Frá jarðspennistöðinni að sumarhúsinu þarf að leggja strenginn í tún.

Ráðgert er að strengurinn verði plægður niður á 90 cm dýpi en að forplægja þurfi þar sem strengurinn verður lagður í hraun undir veginum. Verður jarðýta notuð við plægingu á strengnum og forplægingu þar sem við á. Strengkeflin verða framan á plægingarátunni. Beltagrafa verður notuð til að fylgja jarðýtunni og lagfæra ummerki eftir plæginguna. Gengið verður frá meðfram plógfari þannig að sem minnst ummerki verði eftir verkið. Notuð verður beltagrafa til að draga úr áhrifum á gróður þar sem farið verður út fyrir þegar raskað svæði. Jarðýtan og beltagrafan munu fylgja strengleidinni, sbr. framlögð kort og vörubíll verður á vegum og slóðum.

Niðurrif háspennulínu:

Áætlað er að niðurrif á háspennulínum fari fram veturinn eftir að framkvæmdum við lagningu jarðstrengs lýkur, þegar snjór og frost hlífa gróðri og jarðvegi. Ef tíðarfari leyfir ekki niðurrif næsta vetur á eftir kemur fram í gögnum frá umsækjanda að beðið verði með niðurrif háspennulínanna.

Í meginlínunni frá Tjörn (lína 6112) að þverun sunnan Hraunbyggðar og álmum (línur út frá dreifilínu) að Árnesi (611213) og Tjörn (611215) verða staurar dregnir upp með traktorsgröfu og búnaður losaður af staurum áður en þeir eru dregnir að vegin (sjá nánar skrá yfir staura í fylgiskjali nr. 4 með umsókninni). Í meginlínunni (6112) norðan þverunar við Hraunbyggð og í álmum að sumarhúsum við Hamar (611218), Sandsbæjum (611219) og álmu að Hraunbyggð (611221) verður farið á sexhjólum eða, eftir atvikum, gengið að staurunum og þeir tjakkaðir upp með höndum. Að öðrum kosti verða staurarnir sagaðir rétt neðan við jarðvegsyfirborð og eru þá staurarnir hlutaðir í sundur á staðnum og fluttir þannig að vegin. Gætt verður að því að skilja ekki eftir staurabrot sem hætta getur stafað af. Stauraholurnar verða fylltar með nálægu lausu efmir ef það er til staðar. Ef efni er ekki til staðar verður efnið flutt að. Ekki verður hægt að útiloka að ummerki um staurana verði áfram, sér í lagi í hrauni.

Verklag vegna niðurtrifs línumnar er á þann hátt að vírinn er tekin af staurum eftir að búið er að fella staurinn. Vírinn er svo undinn upp á kefli með þar til gerðum vélum í lok hvers dags.

Uppsetning spennustöðva:

Spennistöðvarnar sem settar verða upp verða á túnum við Núpa, Kjöl og Lynghól og á melum við Árbótarveg. Um er að ræða svokallaðar jarðspennistöðvar og eru þær að jafnaði um 124 x 84 x 92 cm (l x b x h) og innihalda um 325kg af olíu. Jarðspennistöðinni er komið fyrir á steyptri undirstöðu og eru höfð jarðvegsskipti. Fyllingu er, auk stöðugleika, ætlað að taka við olíu sem kann að leka frá jarðspennistöðinni. Skipta þarf um jarðveg og koma fyrir undistöðum undir spennistöðvarnar. Verður beltagrafa notuð til að skipta um jarðveg og vörubíll notaður til að flytja undirstöður og spennistöðvarnar á svæðið. Um lítið svæði er að ræða og verða spennistöðvarnar staðsettar nálægt vegum, slóðum eða við ræktað land þannig að jarðrask er álið verða minniháttar vegna þeirra. Verða jarðspennistöðvarnar staðsettar í samráði við og með leyfi Vegagerðarinnar og á þann hátt að þær verða auðveldlega þjónustaðar frá vegin eða slóða. Á stöðvarnar eru settar merktar snjóstíkjur og ætti snjómokstur ekki að valda skaða á stöðvunum. Nánari staðsetning jarðspennistöðvanna er sett fram á kortum sem fylgja umsókninni.



Á framkvæmdasvæðinu er nokkuð um fornminjar og lét RARIK skrá fornleifar fyrir framkvæmdirnar.

Ekki er gert ráð fyrir neinum varanlegum ummerkjum á jarðvegi, gróðri né dýralífi vegna framkvæmdanna, að öðru leiti en að þær loftlínur sem nú eru verða fjarlægðar.

Telur Skipulagsstofnun fyrirhugaða lagningu rafstrengs ekki falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tölvupóstur frá stofnuninni til umsækjanda, dags. 29. desember 2017.

Umsagnir umsagnaraðila:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar, nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn (Ramý), Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og umráðamanna Laxamýrar I-II, Tjarnar, Núpa, Knútsstaða og Kjalar um umsókn RARIK. Einnig sendi Umhverfisstofnun beiðni um umsögn til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Veiðifélagsins Laxár Aðaldal og Vegagerðarinnar, skv. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 30/1993.

Í umsögn Ramý sem barst Umhverfisstofnun þann 22. janúar 2018 kemur fram að línulagnirnar munu ekki raska merkum náttúruminjum, en bent var á að mikið er af formumgörðum úr torfi og grjóti á leið strengsins eða í næsta nágrenni hennar. Bent var á að gæta þurfi varúðar við lagningu strengsins við garðana.

Umsögn NÍ barst Umhverfisstofnun 30. janúar 2018. Telur stofnunin að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúruminjar á svæðinu og gerir ekki athugasemd við framkvæmdina. Gerir stofnunin ráð fyrir að öllu raski verði haldið lágmarki meðan á framkvæmdum stendur.

Umsögn Vegagerðarinnar barst Umhverfisstofnun 31. janúar 2018. Þar kemur fram að RARIK ohf. sé búið að vera í samvinnu við Vegagerðina vegna lagnaleiða innan veghelgunarsvæðis. Með því að vera innan veghelgunarsvæðis er unnið að miklu leyti í þegar röskuðu landi sem dregur úr áhrifum vegna jarðstrengja. Einnig kemur fram að Vegagerðin geri þær kröfur að spennistöðvar verði staðsettar utan öryggissvæða vega. Þær leiðir sem eru innan veghelgunarsvæðis eru því í fullu samráði og með samþykki Vegagerðarinnar og verið er að vinna að útgáfu leyfis til RARIK vegna framkvæmdanna.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra (HNE) barst Umhverfisstofnun 6. febrúar 2018. Telur nefndin mikilvægt að gæta fyllsta öryggis við lagningu strengsins, sérstaklega innan 200 m verndarlínu Laxár. Gerir nefndin þær kröfur til verktaka að vélar og tæki séu í góðu lagi til að koma í veg fyrir að olía eða glussi fari í jörð og að ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlitsins eða annars aðila sem til þess er baer. Hvað varðar jarðspennistöðvarnar telur nefndin að vanda þurfi vel til verka, sérstaklega á verndarsvæðinu og gæta vel að lekavörnum.

Umsögn Minjastofnunar Íslands (MÍ) barst Umhverfisstofnun 12. febrúar 2018. Í umsögninni kemur fram að stofnunin hafi verið í sambandi við RARIK vegna þessa verkefnis í nokkurn tíma. Gerði stofnunin það að skilyrði að RARIK léti fornleifaskrá línuleiðina. Í ljós kom að nokkuð vantaði upp á þá skráningu miðað við gögnin sem bárust síðar frá Ramý. Í samráði við RARIK var ákveðið að RARIK léti skrá betur fornleifar á

leiðinni þegar aðstæður leyfa og áður en framkvæmdir hefjast. Mun MÍ veita umsögn byggða á nýjum gögnum en sýna þarf aðgát og velja leið sem raskar ekki fornleifum skv. 1. mgr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þann 23. febrúar 2018 bárust Umhverfisstofnun upplýsingar frá RARIK þess efnis að leið strengsins hafi verið breytt í samræmi við ábendingar Minjastofnunar Íslands og lögð voru fram gögn því til skýringar. Helstu breytingar á leið strengsins eru þær að háspennustrengur sem áætlað var að leggja í móa neðan við veginn við Kjöl er færður yfir veginn og í tún. Er þannig farið framhjá forminjum á svæðinu. Einnig hefur leið lágpennuheimtaugar að sumarhúsi og flugvita í landi Núpa og Kjalar verið breytt á þann hátt að spennistöð er færð vestar og lágpennulögн lengd til að fara fjær forminjum. Á þessum stað þarf þó að finna endanlega strengleið þegar þar að kemur. Sú leið er um 200 metrar að lengd. Umhverfisstofnun telur að breytingin hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

Með tölvupósti til Umhverfisstofnunar þann 27. febrúar 2018 staðfesti MÍ að stofnunin samþykki fyrir sitt leyti þetta fyrirkomulag. Mun stofnunin ekki setja sig upp á móti framkvæmdaleyfi Umhverfisstofnunar með þeim fyrivörum að fornleifar verði skráðar á þeim tveimur svæðum sem breytingar á legu strengsins voru gerðar. MÍ mun svo staðfesta endanlega leið strengsins.

Umsögn Veiðifélagsins Laxár Aðaldal barst Umhverfisstofnun þann 2. mars 2018. Gerir félagið ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd RARIK. Leggur félagið áherslu á að verkið sé unnið í samráði við landeigendur og utan veiðítíma ef mögulegt er. Almennt er félagið ánægt með að loftlínur séu fjarlægðar.

EKKI bárust umsagnir frá umráðamönnum jarða.

Áhrifamat:

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu „*eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og sagurfræðilegra sjónarmiða*“, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Í því ljósi er það mat Umhverfisstofnunar að verkefnið bæti ásýnd landslags á svæðinu enda verður eldri loftlína fjarlægð. Við lagningu jarðstrengs er ekki gert ráð fyrir að raska áður óröskuðu landslagi nema að mjög takmörkuðu leiti og ekki er gert ráð fyrir að jarðmyndunum verði raskað.

Til verndar náttúrfari er mikilvægt að komið verði í veg fyrir olíumengun á svæðinu, bæði meðan á framkvæmdum stendur og til frambúðar. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að olíumengun berist frá vinnuvélum. Einnig þarf að huga að forvörnum vegna oliu í jarðspennistöðvum, sérstaklega innan verndarsvæðis en jafnframt er bent á að svæðið allt er vatnsverndarsvæði og því ber að fara að öllu með gát.

EKKI er gert ráð fyrir að breyting á legu strengsins í landi Núpa og Kjalar breyti áhrifamati.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir lagningu strengs, uppsetningar jarðspennistöðva og niðurrifs háspennulína innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár eins og lýst er í umsókn RARIK um framkvæmdaleyfi og fylgigögnum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. viku fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um endanlega og staðfesta leið strengsins að sumarhúsi og flugvita í landi Núpa og Kjalar.
- Framkvæmdir skulu ekki eiga sér stað, innan verndarsvæðisins, á tímabilinu 15. maí-15. júlí vegna fuglavarsps.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Vélar og tæki sem nota á við verkið verði skoðaðar af Vinnueftirlitinu eða annars aðila sem til þess er bær áður en vinna við framkvæmdir hefst.
- Gæta skal sérstaklega að mengunarvörnum véla og tækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Komi til mengunaróhapps á framkvæmdatíma t.d. leki hvers konar vöktva frá vinnuvélum skal Umhverfisstofnun upplýst um það.
- Umhverfisstofnun skal ætíð upplýst ef olíuleki kemur frá jarðspennistöðvum.
- Þess skal gætt að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í lágmarki og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt að verki loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að ekki verði truflun á dýralífi og formminjum skal ekki raskað.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að halda akstri utan vega á grundvelli 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga í lágmarki.

Leitast skal við að valda veiði í Laxá sem minnstri truflun og að verkið verði unnið utan veiðítíma sé þess kostur.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Svjósstjóri

Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur